

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra
vegna landnotkunar við Garðaveg.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. apríl 2019 breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026, sem samþykkt var í sveitarstjórn 14. mars 2019.

Í breytingunni felst að reitur, sem merktur er íbúðarbyggð og er hluti af landnotkunarreit ÍB-2, verði felldur úr skipulaginu og svæðið verði hluti af nærliggjandi opnu svæði OP-2. Hluti reitsins sameinast nærliggjandi landnotkunarreit S-5 sem stækkar um 0,02 ha.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. apríl 2019.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.